

## 12. gr.

Með brot á reglugerð þessari skal fara skv. ákvæðum 19. gr. laga nr. 15/1994.

## 13. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 23. gr. laga nr. 15/1994, um dýravernd, og að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneyti hvað varðar hlutverk yfirdýralæknis, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 2. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um álagningarstofn fasteignaskatts.

## 1. gr.

Fasteignamat ríkisins hefur í samræmi við II., sbr. I. kafla laga nr. 4/1995, reiknað álagningarstofn fasteignaskatts fyrir hverja einstaka fasteign í landinu.

## 2. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest skrá um álagningarstofn fasteignaskatts fyrir landið allt eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Skráin er hluti af fasteignaskrá þeirri, er ráðuneytið staðfesti hinn 21. nóv. sl. Skráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofninn með tilkynningu um fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 606/1996 um nýtt fasteignamat.

## 3. gr.

Með vísan til laga nr. 4/1995 tilkynnir ráðuneytið hér með, að álagningarstofn fasteignaskatts eins og hann er ákveðinn með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins tekur gildi frá og með 1. janúar 1997 og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 608 30. nóvember 1995.

*Fjármálaráðuneytinu, 7. desember 1996.*

F. h. r.

**Þórhallur Arason.**

---

*Björn Hafsteinsson.*